

Öldukort fyrir Faxaflóa og Skjálfanda – Janúar 2018. Ingunn E. Jónsdóttir, Bjarki Ómarsson og Sigurður Sigurðarson, Vegagerðin.

Verkefnið sem skýrslan fjallar um felst í langtíma öldufarsreikningum fyrir Faxaflóa og Skjálfanda og gerð öldukorta fyrir svæðin bæði á heilsársgrunni og fyrir styttri tímabil. Tilgangur verkefnisins er að mæta þörfum þeirra sem stunda farþegasiglingar á þessum hafsvæðum, svo sem til hvalaskoðunar eða útsýnissiglinga.

Við gerð öldukortanna er tekið mið af ákvæðum reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum. Samkvæmt reglugerðinni er farþegaskipum skipt í flokka eftir því á hvaða hafsvæðum þau starfa. Annars vegar er hafsvæði C þar sem líkur á hærri kenniöldu en 2,5 m eru minni en 10% á ársgrundvelli, eða styttra tímabili sem siglingar ná yfir, og svo hafsvæði D þar sem minni en 10% líkur eru á kenniöldu hærri en 1,5 m.

Í skýrslunni er greint frá hvernig öldukort eru gerð, þar sem fyrstu skref eru öldufars- eða öldusveigjareikningar. Slíkir reikningar eru hér gerðir með hugbúnaði sem þróaður er af dönsku straumfræðistofnuninni DHI, en forritið þarf nákvæmar upplýsingar um dýpi, úthafsöldu, vind og sjávarföll. Niðurstöður forritsins er hægt að nýta til að fá upplýsingar um ölduhæð, sveiflutíma og öldustefnu í formi tímaraða í hvaða punkti sem er innan reiknisvæðisins. Tímaraðirnar eru notaðar í almenna tölfræðilega úrvinnslu og voru mismunandi tímabil skoðuð, annars vegar fyrir allt árið og hins vegar kringum sumarmánuðina og út frá því eru öldukortin teiknuð. Öldukortin sem sýnd eru í skýrslunni, annars vegar fyrir Faxaflóa og hins vegar fyrir Skjálfanda, sýna jafnhæðarlínur fyrir ölduhæð með 10% líkum, þ.e. 10% af tímanum er ölduhæð jöfn eða hærri á tímabilinu sem kortið nær yfir.